



Alþingi
Erindi nr. P 143/509
komudagur 3.12.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2013

1311101SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. um náttúruvernd (brottfall laga), 167. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. nóvember 2013, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp umhverfis- og auðlindaráðherra um brottfall laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umrædd lög voru samþykkt á 141. löggjafarþingi og hefðu þau að óbreyttu leyst af hólmi náttúruverndarlög nr. 44/1999 frá 1. apríl 2014, þegar þeim var ætlað að taka gildi.

Forsaga málsins

Samband Íslenskra sveitarfélaga gerði á sínum tíma verulegar athugasemdir við frumvarp sem varð að lögum nr. 60/2013. Rétt þykir að geta þess að beiðni sambandsins um aðkomu að gerð frumvarpsins var á sínum tíma synjað af ráðherra, þrátt fyrir að ljóst megi vera að hér er um að ræða löggjöf sem snertir sveitarfélögin á margvíslegan hátt, ekki síst hvað varðar skipulag landnýtingar. Að álit sambandsins er því mjög mikilvægt að fulltrúar sveitarfélaga eigi beina aðkomu að endurskoðun laganna.

Umsagnir sambandsins voru alls þrjár á þeim tíma frá því að frumvarpsdrög voru birt í september 2012 þar til það varð að lögum í lok mars 2013. Tekið skal fram að kynning á frumvarpinu var takmörkuð af hálfu ráðuneytisins þótt vissulega hafi mikil vinna verið lögð í hvítbók þá sem var undanfari frumvarpsins. Hvítbókin var hins vegar frekar almenn stefnuyfirlýsing og lagði ekki mjög skýrar línur varðandi það verkefni sem fólst í endurskoðun laganna.

Ekkert samráð var við sambandið um efni frumvarpsins fyrr en það var kynnt og var strax auðséð að ýmis atriði í frumvarpinu hefðu verið orðuð með allt öðrum hætti ef þess hefði verið gætt að kalla eftir sjónarmiðum sveitarfélaga strax á vinnslustigi frumvarpsins. Þar má m.a. nefna ýmis grundvallaratriði, svo sem um aukið hlutverk náttúruverndarnefnda, málsmeðferð við gerð náttúruverndaráætlunar, ákvarðanir um skyndifriðun landsvæða og tegunda og fyrirkomulag eftirlits með friðlýstum svæðum. Álit sambandsins á upphaflegum frumvarpsdrögum var því að frumvarpið væri ekki tækt til framlagningar á Alþingi, sbr. ítarlega umsögn dags. 26. september 2012, sem send var til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Rétt er að taka fram að ýmsar ágætar lagfæringar voru gerðar á frumvarpinu á grundvelli framkominna umsagna áður en það var lagt fram á Alþingi. Flest grundvallaratriði voru þó enn óbreytt í frumvarpinu og voru athugasemdir í fyrri umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis því



sumpart endurtekning á ábendingum sem fram koma í fyrrgreindri umsögn frá 26. september 2012.

Í umsögn sambandsins til Alþingis, dags. 11. febrúar 2013, var lögð áhersla á að um væri að ræða þingmál sem ekki ætti að sæta flýtafgreiðslu á þeim stutta tíma sem eftir væri til þingloka. Til stuðnings því sjónarmiði var nefnt að frumvarpið fæli í sér róttækar breytingar á gildandi lögum um náttúruvernd og í því væru mörg mikilvæg álitafni sem þörfuðust kynningar og umræðu og um væri að ræða eitt af stærstu málum sem Alþingi hefði til umfjöllunar og málið snerti hagsmuni mjög margra, þar á meðal sveitarfélaga. Í frumvarpinu væri að finna ýmsar áhugaverðar hugmyndir sem þyrfti að kynna betur, og var m.a. nefnt að þörf væri á að kynna fyrir sveitarfélögum hvernig aðkomu þeirra að gerð náttúruminjaskrár og framkvæmdaáætlunar á grundvelli hennar yrði háttað. Var jafnframt áréttað að sambandið hefði ítrekað gagnrýnt skort á samráði við sveitarfélögin um gerð náttúruverndaráætlana.

Helstu athugasemdir sambandsins við náttúruverndarlög nr. 60/2013

Í stuttu máli voru meginathugasemdir sambandsins við frumvarp sem varð að lögum nr. 60/2013 ferns konar:

- a. Athugasemdir við ákvæði í frumvarpinu sem eru til þess fallin að skerða skipulagsvald sveitarfélaga.
- b. Athugasemdir við auknar valdheimildir náttúruverndarnefnda í frumvarpinu, sem virðast bæði fara í bága við þá meginreglu sveitarstjórnarlaga að sveitarstjórnir ráði stjórnskipulagi sínu og ekki taka neitt mið af veikri stöðu þessara nefnda innan stjórnsýslunnar í dag.
- c. Athugasemdir sem lúta að því að tryggja verði betra samráð við sveitarfélögin í landinu um gerð framkvæmdaáætlunar um náttúruvernd og ákvarðanir sem teknar verða á grundvelli laganna.
- d. Athugasemdir sem lúta að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og samspili frumvarpsins við önnur lög, einkum skipulagslög, mannvirkjalög og umferðarlög.

Tekið var fram að sambandið leggur mikla áherslu á að verkaskipting stjórnvalda sé skýr og að frumvarpið leiði ekki til þess að ný grá svæði verði til, m.a. í tengslum við eftirlit með framkvæmdum. Það þurfi t.d. að vera ljóst í hvaða tilvikum valdheimildir Umhverfisstofnunar eiga við um leyfisskyldar framkvæmdir þannig að ekki skapist óvissa um frumkvæðisskyldu stjórnvalda og einnig til að tryggja að stjórnvöld verði samstíga í aðgerðum sínum. Rétt er að taka fram að á grundvelli umsagna voru gerðar verulegar lagfæringar á ákvæðum frumvarpsins hvað þetta varðar en mikilvægt væri þó að nefndin hugaði sérstaklega að þessari verkaskiptingu við yfirferð sína á frumvarpinu.

Einnig var fjallað ítarlega í umsögninni um ákvæði um náttúruverndarnefndir og lögð áhersla á að það er sveitarstjórn sem ákveður nefndafyrirkomulag og er jafnframt í forsvari fyrir sveitarfélagið. Hugmyndir um að auka sjálfstæði náttúruverndarnefnda væri ekki í neinu samræmi við veika stöðu þessara nefnda í dag og það væri með öllu óljóst hvort nefndirnar hefðu burði til þess



að standa undir auknu hlutverki sem þeim væri ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Í nefndarálit og breytingartillögum umhverfis- og samgöngunefndar var brugðist við mörgum af ábendingum sambandsins og m.a. fallist á þá kröfu sveitarfélaga að framkvæmdahluti náttúruminjaskrár verði lagður fyrir Alþingi, í stað þess að ráðherra gæti gefið skrána út án aðkomu þingsins. Ákvæði um náttúruverndarnefndir voru jafnframt færð til þess horfs sem er í náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Heilt á litið lagaðist frumvarpið mikið í meðförum þingsins, en álit sambandsins var þó að nauðsynlegt væri að nefndin fjallaði aftur um málið á milli 2. og 3. umræðu til að ræða nokkur mikilvæg sem ekki hefði verið komið í ásættanlegt horf.

Meðfylgjandi viðbótarumsögn sambandsins var þess vegna send Alþingi 8. mars 2013. Þar voru enn gerðar verulegar athugasemdir við nokkur atriði. Þar vega þyngst athugasemdir við 57. gr., um sérstök verndarsvæði, sem að álit sambandsins geta falið í sér alvarlega skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Sambandið hefur raunar ítrekað lagst gegn breytingum á þeirri grein (37. gr. eldri laga) en sjónarmið þess hafa ekki mætt skilningi til þessa. Vart þarf að taka fram að það voru mikil vonbrigði að þessar athugasemdir skyldu ekki fá neina umfjöllun í þingnefndinni áður en frumvarpið varð að lögum. Sambandið hefur raunar ítrekað lagst gegn breytingum á þeirri grein (37. gr. eldri laga) en sjónarmið þess hafa til þessa ekki mætt skilningi á Alþingi.

Í viðbótarumsögninni segir um þessa grein:

„3. mgr. 57. gr. Skýringar í nefndarálit á orðalaginu „brýn nauðsyn“ eru til ákveðinna bóta en samt alls ekki nægjanlegar. Sambandið ítrekar því óánægju með orðalagið „Óheimilt er að raska....nema brýna nauðsyn beri til.“ Eðlilegt væri að lagatextinn endurspegli þá hugsun sem fram kemur í nefndarálit, þannig að ljóst sé að heimilt er að leyfa framkvæmdir sem eru eðlilegur þáttur í nýtingu landeigenda, svo sem heimarafstöðvar og viðlíka framkvæmdir.

Sambandið leggur sérstaka áherslu á að orðalag greinarinnar verði ekki til þess að nánast allar ákvarðanir sveitarfélaga um leyfisveitingar verði kærðar á þeim grundvelli að framkvæmd þyki ekki nauðsynleg. Í þessu sambandi vill sambandið minna á að meginreglur II. kafla frumvarpsins fela að mörgu leyti í sér sömu reglu. Einnig eru breytingar fyrirhugaðar á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem ættu að leiða til þess að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á svæði sem njóta sérstakrar verndar liggi ljósar fyrir áður en kemur að leyfisveitingarferlinu. Afstaða sambandsins er því sú að sú breyting sem felst í 3. mgr. 57. gr. sé með öllu óþörf.

6. mgr. 57. gr. Orðalagsbreyting nefndarinnar er alls ekki til bóta. Er ástæða til að benda á að umsagnir eru alls ekki alltaf svo skýrar að hægt sé að tala um „niðurstöðu“ umsagnaraðila. Verður raunar að telja það orðalag einstaklega óheppilegt m.t.t. hlutverks umsagnaraðila almennt, þar sem álit þeirra er almennt aðeins leiðbeinandi fyrir það stjórnvald sem ákvörðun tekur í hverju máli. Betra orðalag væri: „....fari hún gegn álit eða tillögum umsagnaraðila.““



Sömuleiðis taldi sambandið mikilvægt að útfæra nánar 37. gr. frumvarpsins, sem heimilar ráðherra að banna tímabundið framkvæmdir eða nýtingu svæða. Í viðbótarumsögn segir um þessa grein:

„Að áliti sambandsins eru breytingar sem gerðar hafa verið á greininni til bóta en ákvæðið þyrfti samt að vinna betur. Í greininni er t.d. ekkert tekið fram um hvaða vinna þurfi að fara fram á þeim þrem mánuðum sem bráðabirgðabann er í gildi. Ekki er heldur nefnt hvaða samráðsferli þurfi að fara í gang áður en ákvörðun er tekin um ítrekun banns. Sambandið telur brýnt að tryggja aðkomu sveitarfélaga sem málið varðar að slíkum ákvörðunum.“

Í viðbótarumsögninni eru gerðar ábendingar við fleiri greinar og hefur sambandið m.a. kallað eftir viðræðum um hlutverk náttúruverndarnefnda, sem sveitarstjórnir skipa.

Einnig er það álit sambandsins að veigamikil ákvæði eins og 42. gr., sem fjallar um rétt til skaðabóta, hefðu þurft að fá frekari umræðu áður en frumvarpið varð að lögum. Samkvæmt því er bótaréttur m.a. bundinn því skilyrði, ef um er að ræða leyfisskylda nýtingu, að leyfi hafi verið gefið út áður en framkvæmdaáætlun um náttúruvernd er kynnt, ef þar er kveðið á um friðlýsingu svæðis. Þessi afmörkun bótaréttar hlýtur að orka tvímælis og má sem dæmi benda á hagsmuni sveitarfélaga og veitufyrirtækja í þeirra eigu af því að bora eftir heitu vatni en nýting jarðvarma er leyfisskyld framkvæmd sem umrætt ákvæði nær því til. Geta slíkar framkvæmdir verið mjög lengi í undirbúningi áður en kemur að sjálfri leyfisveitingunni og getur t.d. verið heimild fyrir framkvæmd í aðalskipulagsáætlun þótt leyfi hafi ekki verið gefið út. Verður að telja þessa takmörkun á bótaskyldu mjög ósanngjarna í slíkum tilvikum. Einnig þarf að tryggja að takmörkunin leiði ekki til þess að bótaréttur geti stofnast á hendur sveitarfélagi vegna nauðsynlegra breytinga á skipulagi, sbr. 3. mgr. 68. gr.

Afstaða til frumvarpsins og endurskoðunar náttúruverndarlaga

Samband íslenskra sveitarfélaga tekur með vísan til framangreindrar forsögu undir mikilvægi þess að ná betri sátt um náttúruverndarlögin en sambandið tekur hins vegar ekki formlega afstöðu til þess hvort fella beri náttúruverndarlög nr. 60/2013 alveg úr gildi, eins og lagt er til í frumvarpinu, eða hvort nægilegt væri að fresta gildistöku náttúruverndarlaga nr. 60/2013, á meðan unnið væri að endurskoðun, þar sem m.a. yrði tekið tillit til þeirra athugasemda sambandsins sem ekki fengu umfjöllun af hálfu Alþingis. Sambandið lýsir jafnframt vilja sínum til þess að eiga beina aðkomu að endurskoðun laganna hvor kosturinn sem verður valinn.

Sambandið kallar jafnframt eftir því að í tengslum við endurskoðun laganna fari fram heildstæð umræða um reynsluna af gildandi náttúruverndarlagum og að mótuð verði skýr framtíðarsýn um fjölda friðaðra náttúrusvæða og umsýslu þeirra. Í því sambandi má benda á að sambandið gerði í umsögnum sínum athugasemd við þann mikla fjölda ólíkra flokka verndarsvæða sem fjallað er um í lögnum. Einnig hefur sambandið kallað eftir aukinni aðkomu sveitarfélaga að stjórnun náttúruverndarsvæða, líkt og góð reynsla er af í Vatnajökulspjóðgarði.



Einnig leggur sambandið áherslu á að við ákvarðanir um friðun og verndun landsvæða verði ávallt haft samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga og að horft verði til þess að náttúruverndarlög og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra verði ekki til þess að flækja að óþörfu stjórnsýslu í skipulagsmálum sveitarfélaga.

Rétt þykir að lokum að taka undir ummæli í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 60/2013. Þar segir að eitt af því sem einkennir náttúruverndarlöggjöf er að hún varðar marga og ólíka hagsmuni. Réttarreglur um náttúruvernd þurfi því að taka mið af og vega saman margs konar hagsmuni. Þarf að leggja áherslu á að slíkar reglur séu skýrar en jafnframt til þess fallnar að sætta ólík sjónarmið.

Ekki verður endilega séð að þessu markmiði sé náð í lögum nr. 60/2013, sem felur í sér nokkuð róttækar breytingar frá gildandi lögum, en að áliti sambandsins er mikilvægt að sú mikla vinna sem lögð var í það mál nýtist sem best við endurskoðun laganna.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Fylgiskjal: Viðbótarumsögn við frv. til náttúruverndarlaga, dags. 8. mars 2013



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 8. mars 2013

1005025SA GB
Málalykill: 382

Efni: Viðbótarumsögn við frv. til náttúruverndarlaga, 429. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið breytingartillögur umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis við frumvarp til náttúruverndarlaga.

Ýmsar breytingar sem umhverfis- og samgöngunefnd leggur til á frumvarpinu koma ágætlega til móts við athugasemdir sveitarfélaga og samtaka þeirra. Alvarlegum umkvörtunarefnum við frumvarpið hefur þannig fækkað töluvert.

Að áliti sambandsins myndu sveitarstjórnir samt almennt vilja sjá frumvarpið unnið betur áður en það verði lagt fram á næsta þingi. Í því sambandi vísar sambandið sérstaklega til umsagna einstakra sveitarfélaga þar sem koma fram ábendingar um ýmis atriði sem ekki er fjallað um í umsögn sambandsins.

Sambandið vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum við breytingartillögur nefndarinnar:

Í **18. tl. 5. gr.** er svohljóðandi skilgreining á orðunum *Ræktað land*: Land sem nýtt er til framleiðslu nytjajurta með íhlutun, svo sem sléttun, þurrkun, áburðargjöf, jarðvinnslu, sáningu eða öðrum ræktunaraðgerðum. Landið telst óræktað eftir langvarandi notkunarleysi. Skóglendi telst ræktað land þangað til trén hafa náð þeim þroska að venjuleg umferð sakar ekki. Lóð undir frístundahús í notkun telst ræktað land í skilningi laga þessara, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 3. tl. 2. gr. laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008.

Að áliti sambandsins þarfnast þessi skilgreining frekari skoðunar. Sérstaklega virkar setningin um skóglendi undarleg. Hættir skóglendi að vera ræktað land þegar tré hafa náð þroska?

Æskilegt virðist að léttu á skilgreiningunni og er í því sambandi lagt til að færa síðustu setninguna í 18. tl. inn sem efnisreglu í 18. gr. frumvarpsins. Hlýtur að vera hægt að segja hreint út að umferðarréttur almennings nái ekki til frístundahúsalóða, þó með fyrirvara um umferðarrétt almennings á vatnsbökkum, sbr. 26. gr.

Í **26. tl. 5. gr.** er orðið *Þéttbýli* skilgreint svo: Svæði afmarkað með sérstökum merkjum sem tákna þéttbýli.

Þessa skilgreiningu þarf að skoða miklu betur. Orðalag í frumvarpinu virðist eingöngu þjóna því hlutverki að skilgreina þéttbýlismörkin m.t.t. þjóðvega en þéttbýlismörkin eru eðli máls samkvæmt á fleiri stöðum, þ.e. þar sem byggðin endar. Að áliti sambandsins væri frekar ástæða til þess að vísa til samþykkt skipulags í þessu samhengi.



15. gr. frumvarpsins fjallar um náttúruverndarnefndir. Að teknu tilliti til breytingartillagna nefndarinnar hljóðar greinin svo:

„Á vegum hvers sveitarfélags starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Sveitarstjórn velur jafnframt formann og setur nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Umhverfisstofnun skal tilkynnt eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar um kjör í náttúruverndarnefndir. Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu náttúruverndarnefnda.

Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.

Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Umhverfisstofnunar þegar ástæða er til. Stofnunin, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn náttúrustofa skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári. Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.“

Ekki virðist tilefni til ágreinings um þessa grein eftir breytingar. Hins vegar má gjarnan koma fram í nefndarálitum að Umhverfisstofnun hefur ekkert samband haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um undirbúning fundanna skv. 3. gr., öfugt við t.d. Skipulagsstofnun, sem nýtur góðs af aðkomu sambandsins að undirbúningi og kynningu árlegra samráðsfunda um skipulagsmál. Þarf varla að taka fram að síðarnefndu fundanna eru mun fjölsóttari.

Í **25. gr.** er fjallað um heimildir Umhverfisstofnunar til að takmarka umferð eða loka svæðum í óbyggðum ef hætta er á verulegu tjóni af völdum ágangs á svæðið.

Sambandið leggur til að í greininni verði kveðið skýrt um skyldu UST til samráðs við sveitarfélag sem málið varðar áður en ákvörðun er tekin um ráðstafanir samkvæmt greininni.

Í **37. gr.** er ráðherra veitt heimild til að kveða á um tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu sem skaðað getur verndargildi náttúruminja sem teknar eru á framkvæmdaáætlun (B-hluta). Bannið gildir í þrjá mánuði. Ráðherra er að þeim tíma loknum heimilt að ítreka bannið með sérstakri ákvörðun og gildir það þá þar til auglýsing um friðlýsingu eða friðun hefur verið birt en verði ekki af friðlýsingu eða friðun innan fimm ára frá hinu upphaflega banni fellur það niður. Um undanþágu frá banni samkvæmt



Þessari málsgrein fer skv. 41. gr. að breyttu breytanda. Um náttúruminjar á Bhluta náttúruminjaskrár gilda að öðru leyti ákvæði 3. og 4. mgr.

Að áliti sambandsins eru breytingar sem gerðar hafa verið á greininni til bóta en ákvæðið þyrfti samt að vinna betur. Í greininni er t.d. ekkert tekið fram um hvaða vinna þurfi að fara fram á þeim þrem mánuðum sem bráðabirgðabann er í gildi. Ekki er heldur nefnt hvaða samráðsferli þurfi að fara í gang áður en ákvörðun er tekin um ítrekun banns. Sambandið telur brýnt að tryggja aðkomu sveitarfélaga sem málið varðar að slíkum ákvörðunum.

Í **2. mgr. 45. gr.** telur sambandið betra orðalag að segja „....og eðlilega þróun þess“.

3. mgr. 57. gr. Skýringar í nefndaráliti á orðalaginu „brýn nauðsyn“ eru til ákveðinna bóta en samt alls ekki nægjanlegar. Sambandið ítrekar því óánægju með orðalagið „Óheimilt er að raska....nema brýna nauðsyn beri til.“ Eðlilegt væri að lagatextinn endurspegli þá hugsun sem fram kemur í nefndaráliti, þannig að ljóst sé að heimilt er að leyfa framkvæmdir sem eru eðlilegur þáttur í nýtingu landeigenda, svo sem heimarafstöðvar og viðlíka framkvæmdir.

Sambandið leggur sérstaka áherslu á að orðalag greinarinnar verði ekki til þess að nánast allar ákvarðanir sveitarfélaga um leyfisveitingar verði kærðar á þeim grundvelli að framkvæmd þyki ekki nauðsynleg. Í þessu sambandi vill sambandið minna á að meginreglur II. kafla frumvarpsins fela að mörgu leyti í sér sömu reglu. Einnig eru breytingar fyrirhugaðar á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem ættu að leiða til þess að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á svæði sem njóta sérstakrar verndar liggi ljósar fyrir áður en kemur að leyfisveitingarferlinu. Afstaða sambandsins er því sú að sú breyting sem felst í 3. mgr. 57. gr. sé með öllu óþörf.

6. mgr. 57. gr. Orðalagsbreyting nefndarinnar er alls ekki til bóta. Er ástæða til að benda á að umsagnir eru alls ekki alltaf svo skýrar að hægt sé að tala um „niðurstöðu“ umsagnaraðila. Verður raunar að telja það orðalag einstaklega óheppilegt m.t.t. hlutverks umsagnaraðila almennt, þar sem álit þeirra er almennt aðeins leiðbeinandi fyrir það stjórnvald sem ákvörðun tekur í hverju máli. Betra orðalag væri: „....fari hún gegn áliti eða tillögum umsagnaraðila.“

68. gr. Orðalagsbreytingar eru til bóta en sambandið ítrekar ósk um að sett verði ákvæði um tímafesti vegna umsagna UST og Náttúrufræðistofnunar.

81. gr. Sambandið tekur undir það álit Skútustaðahrepps að umsýsluáætlun ætti að liggja fyrir mun fyrr í friðlýsingarferlinu. Drög að henni ættu að lágmarki að liggja fyrir áður en friðlýsing tekur gildi.

82. gr. Sambandið telur ekki heppilegt, miðað við núverandi lagaumhverfi þjóðgarða að segja í 1. mgr. 82. gr. að starfsmenn þjóðgarða séu starfsmenn UST. Verður ekki séð hvaða nauðsyn er á því orðalagi.

Að öðru leyti en að framan greinir vísar sambandið til umsagnar sinnar um frumvarpið auk umsagna einstakra sveitarfélaga.



Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs